

## Mál nr. 123/2006

### M og

### Vátryggingarfélagið V h.f. vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar verslunarinnar K

**Maður datt í hálku í tröppum fyrir utan verslun þ. 18.12.2006.**

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.6.2006.
2. Lögregluskýrsla dags. 23.12.2005
3. Bréf lögmanns M dags. 23.júní 2006 ásamt fylgiskjöllum 1-7
4. Bréf V. dags. 7.7.2006 ásamt fylgiskjöllum 1-4

#### Málsatvik.

M skýrir svo frá í lögregluskýrslu að þegar hann hafi verið að fara út úr versluninni K þegar hann var búinn að versla hafi hann fallið í mikilli hálku sem hafi verið í tröppum við útgang verslunarinnar og hafi hann fallið frá efsta þrepi og niður fjórar hálar tröppur. Starfsmaður K bar að hún hefði aðstoðað M við að standa á fætur eftir fallið en einhver ísing hefði verið í tröppunum og þær ósaltaðar. Lögmáður M segir að aðbúnaður við útgang verslunarinnar hafi ekki verið forsvaranlegur og beri K því alla ábyrgð á tjóni M lögmáðurinn vísar að öðru leyti í dóma Hæstaréttar í málunum 230/2005, 251/2005 og bls. 1002 frá 1996. V hafnar bótaábyrgð og bendir á að snjór hafi verið hreinsaður af starfsmönnum og borið hálkuvarnir á stétt og tröppur þegar þörf hafi kafið en ekki liggi fyrir til hvaða ráðstafana hafi verið gripið þann dag sem slysið varð en umhleyppingar hafi verið í veðri. Þá er á það bent að snjóbræðslukerfi sé í stétt framan við aðalinngang K. Þá bendir V á að ósannað sé að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða á fasteigninni eða ófullnægjandi hálkuvarnir og verði slysið eingöngu rakið til óhappatilviljunar. Þá vísar V til dóma Hæstaréttar í málunum 251/1998,387/2005 og 41/2003

#### Álit.

Af veðurskýrslu daginn sem slysið varð liggur fyrir að umhleyppingar voru og búast mátti við hálku. Starfsmaður K ber í lögregluskýrslu að einhver ísing hafi verið í tröppunum. Þá ber umræddur starfsmaður einnig að tröppurnar hafi verið ósaltaðar. Af hálfu V er því haldið fram að snjór hafi verið hreinsaður og hálkuvarnir bornar á stétt og tröppur af starfsmönnum K þegar tilefni þótti til. Í umrætt sinn var fullt tilefni miðað við veðurlag og veðurspá en engar ráðstafanir voru gerðar í umrætt sinn til að eyða hálku við útgang verslunar og tröppur. Ríka skyldu verður að leggja á verslunareigendur að gæta vel að hálkuvörnum við verslanir sínar en það var ekki gert í umrætt sinn og miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggja m.a. að starfsmenn K vissu af hættunni en engar ráðstafanir voru gerðar í umrætt sinn ber K bótaábyrgð á tjóni M og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V

#### Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 1.8.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.